

Halli á viðskiptajöfnuði 27,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2021 – hrein staða við útlönd jákvæð um 36,2% af landsframleiðslu

Á fyrsta ársfjórðungi 2021 var 27,1 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 50,4 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 38,8 ma.kr. lakari niðurstaða en á sama fjórðungi árið 2020. Halli á vöruskiptajöfnuði var 21,9 ma.kr. og 10,9 ma.kr. af þjónustujöfnuði. Frumþáttatekjur skiluðu 12,8 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 7,1 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2021 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2020/1</u>	<u>2020/2</u>	<u>2020/3</u>	<u>2020/4</u>	<u>2021/1</u>
Viðskiptajöfnuður	11,7	-6,0	3,0	23,3	-27,1
Vöruskiptajöfnuður	-23,3	-19,5	-32,0	-15,5	-21,9
Þjónustujöfnuður	22,4	2,5	21,5	26,4	-10,9
Jöfnuður frumþáttatekna	19,5	17,3	14,3	19,8	12,8
Rekstrarframlög, nettó	-6,8	-6,3	-0,8	-7,4	-7,1
Jöfnuður fjárframlaga	-0,5	-0,5	-0,3	-0,9	-0,7
Fjármagnsjöfnuður	37,4	33,1	38,1	72,0	14,6
Bein fjárfesting	34,3	31,6	15,2	8,1	42,3
Verðbréf	-24,4	-35,0	69,3	107,3	-124,6
Afleiður	2,0	6,6	-2,1	-0,8	-1,4
Önnur fjárfesting	12,7	-44,7	18,8	9,5	19,3
Gjaldeyrisforði	12,8	74,7	-63,0	-52,2	79,0
Skekkjur og vantalið, nettó	26,2	39,6	35,5	49,6	42,3

Lakari niðurstaða viðskiptajafnaðar en á sama ársfjórðungi árið 2020 skýrist aðallega af mun óhagstæðari þjónustuviðskiptum² um sem nemur 33,3 ma.kr. Munar þar mest um 54,5 ma.kr. minna verðmæti útfluttrar þjónustu en innflutt þjónusta minnkaði um 21,2 ma.kr. Vöruviðskipti voru hagstæðari um sem nemur 1,4 ma.kr.

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

Frumþáttatekjur voru 6,7 ma.kr. óhagstæðari og halli rekstrarframlaga jókst lítillega eða um 0,2 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.069 ma.kr. eða 36,2% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 9 ma.kr. eða 0,3% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.485 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.415 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 15 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir hækkuðu um 69 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir um 54 ma.kr. Virði eigna lækkaði á ársfjórðungnum um 43 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skulda um 46 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar bættu því hreina erlenda stöðu um 4 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um rúm 4% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 14,1%. Gengi krónunnar hækkaði um 4,4% miðað við gengisskráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2020/4	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2021/1
Erlendar eignir, alls	4.471	69	-43	-13	4.485
Bein fjárfesting	858	-32	-32	-7	786
Verðbréf	2.221	-4	44	0	2.261
Afleiður*	17	-7	-2	0	8
Önnur fjárfesting	559	32	-14	-6	572
Gjaldeyrisforði	817	79	-39	0	857
Erlendar skuldir, alls	3.412	54	-46	-5	3.415
Bein fjárfesting	1.101	-74	-13	-5	1.009
Verðbréf	1.473	121	-30	-2	1.562
Afleiður*	5	-5	10	0	10
Önnur fjárfesting	832	13	-13	2	834
Hrein staða þjóðarbúsins	1.060	15	4	-8	1.069
% af VLF	35,8%	0,5%	0,1%	-0,3%	36,2%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.